

Reykjavík, [Dags.]

R17120126

Borgarráð

Efni: Áhættustýring og greining á misferlisáhættu hjá Reykjavíkurborg – Umsögn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs

Mikilvægt er að huga að því hvernig binda má fyrirheit sem birtast m.a. í siðareglum og samstarfssáttmála meirihluta borgarstjórnar í aðgerðir sem eru til þess fallnar að varpa ljósi á mögulegt misferli. Gagnsæi og skilvirkt eftirlit bæði draga úr áhættu á misferli og gera uppgötvun þess auðveldari. Stjórnkerfis- og lýðræðisráð tekur undir mikilvægi þess að misferlisáhætta verði greind á öllum sviðum borgarinnar í ljósi þess að óvissa um áhættuna er til staðar. Slík greining er til þess fallin að leggja grunn að markvissara innra eftirliti og hefði jafnframt í för með sér aukna vitund meðal starfsfólks borgarinnar um misferli og góða stjórnunarhætti. Mælt er með því að æðstu stjórnendur Reykjavíkurborgar greiði fyrir verkefninu með skipun í starfshópa í samráði við Innri endurskoðun og undir forsæti hennar.

Hjálagt:

Minnisblað IE um áhættustýringu og greiningu á misferlisáhættu hjá Reykjavíkurborg, dags. 14. desember 2017